

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 193/2024

2024/EES/92/12

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1325 frá 8. maí 2024 um leyfi fyrir blöndu með sýanókóbalamíni (B12-vítamíni), sem er framleitt með *Ensifer adhaerens* CGMCC 21299, sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fæður. Ákvæði löggjafar um fæður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við á eftir 593. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1201) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„594. **32024 R 1325:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1325 frá 8. maí 2024 um leyfi fyrir blöndu með sýanókóbalamíni (B12-vítamíni), sem er framleitt með *Ensifer adhaerens* CGMCC 21299, sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L, 2024/1325, 13.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1325, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/1325, 13.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1325/oj.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.